



Borgarráð

Tillaga vegna íbúða þar sem enginn er skráður með lögheimili

Lagt er til að starfshópur um innleiðingu húsnæðissáttmála fái það verkefni að greina upplýsingar um íbúðir þar sem engin er skráður með lögheimili en talið er að þetta séu um 8.000 íbúðir af alls 57 þúsund íbúðum í Reykjavík. Verkefnið verði unnið í samstarfi við innviðaráðuneytið og/eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Greinargerð:

Í yfirliti innviðaráðuneytisins sem lagt hefur verið fram á Alþingi kemur fram að í Reykjavík séu 57.049 fullbúnar íbúðir í þéttbýli. Af þeim séu 4.165 íbúðir í eigu einstaklinga með annað lögheimili þar sem hvorki er þinglýstur leigusamningur á fasteigninni né eru greiddar húsnæðisbætur vegna fasteignarinnar. Til viðbótar séu 3.843 íbúðir í eigu lögaðila þar sem

hvorki er þinglýstur leigusamningur á fasteigninni né eru greiddar húsnæðisbætur vegna hennar. Alls eru þessar íbúðir því 8.008 skv. yfirlitinu.

Mikilvægt er að afla upplýsinga um hvort ætla megi að búið sé í viðkomandi íbúðum eða ekki, og hverjar eru skýringarnar á því að enginn sé skráður til heimilis í þeim.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri